# Fuglar og örnefni í Kjalarneshreppi

Frá landnámi hafa Íslendingar gefið fjöllum, eyjum, vötnum, hólum, hæðum og öðrum einkennum í náttúrunni nöfn, svonefnd örnefni. Áður en landakort komu í almenna notkun var þetta eina aðferðin sem menn höfðu til að þess að geta rætt saman um náttúrukennileiti og verið nokkuð vissir um að talað væri um sömu staði. Mörg þessara örnefna urðu landsþekkt, t.d. Þingvellir og Hekla, en ýmis önnur þekkjast aðeins innan ákveðinna landshluta eða hreppa. Á kortinu hér til hægri má sjá dæmi um það hvernig fuglaörnefni hafa verið notuð til að einkenna staði í náttúru hreppsins. Þetta eru staðir þar sem fuglarnir sáust oft eða höfðu varpstaði sína. Í áranna rás hefur fuglalífið breyst og rétt er að hafa í huga að flest eru fuglaörnefnin gömul. Örnefni sýna að örninn hefur verið algengur áður fyrr en hann sést nú örsjaldan og sama má segja um rjúpu og fálka. Fuglastofnar stækka og minnka eftir því sem náttúran og samlífið við aðrar lífverur gefur þeim svigrúm til. Á síðustu árum hefur nýrra fuglategunda orðið vart og má þar t.d. nefna stara og svartþröst.
Það tekur örnefni langan tíma að festast í sessi og því getur orðið bið á því að örnefni tengd nýjum fuglategundum verði þekkt.

***Birds and place-names of Kjalarnes***

*From the settlement, Icelanders have given names to the mountains, islands, lakes and other nature phenomenons, the so-called place-names. Before maps were in general use, this was the method people used to orientate, where to meet, where to get the sheep. Many of these place names are well known, Thingvellir and Hekla. Often landmark are named after animals and birds. The map to the right shows an example of how the birds place-names characterize places in old Kjalarnes commune. These are places where the birds have often been seen or had their nesting places. The bird life has changed over the centuries, the map shows that the eagle has been common in the past, but can very rarely be seen nowadays. Bird populations fluctuate of natural causes and is influenced of man recidence. In recent years a new bird species have settled in Iceland, such as stare, blackbird, but it takes a long time to establish new place-names.*










Ropi rjúpukarri (karlfugl) mikið að morgni veit það á gott veður en misjajafnt veður ropi hann á kvöldin.
*A rock ptarmigan cock croaking at dawn means good weather, but unsettled weather if he croaks toward dusk.*

Breiði skarfur út vængi sína til þerris, léttir von bráðar til. Þá er sagt að skarfurinn messi, sbr. mynd.
*A cormorant spreading its wings to dry implies the weather will soon be better. This is said to be a cormorant preaching [see picture].*

Hrafn er þekktastur fugla í íslenskri þjóðtrú fyrir spádómsgáfu sína. Fljúgi hrafnar í kross yfir kirkju er einhver í sókninni feigur.
*The raven is the best known bird in Icelandic folklore because of its wisdom. Ravens flying in a cross over a chapel means one of the parish is doomed.*



**Stokkönd - *Anas platyrhynchos***
*Staðfugl og er stærst buslanda.*
*Verpur einkum í grónu votlendi nálægt vatni en dvelur á vetrum við strendur/vötn í kringum landið. Leitar ætis á yfirborði vatns eða með því að hálfkafa með haus og háls undir yfirborði. Fæða: vatnaplöntur, skordýr og fræ.*



**Kjói -*Stercorarius parasiticus***
*Sjófugl og farfugl, þekktur um allt land. Flugfimur og ver unga sína af miklum ákafa. Verpur í ýmis konar kjörlendi frá fjöru til fjalls. Óvinsæll því hann rænir fæðu frá öðrum fuglum og étur fuglsunga og egg.*



**Haförn - *Haliaeetus albicilla***
*Staðfugl og langstærstur ránfugla hérlendis. Verpur einungis á Vesturlandi. Sjaldséður á Kjalarnesi en bregður fyrir öðru hvoru þótt langt sé síðan hann verpti hér. Þar fara líklegast ungfuglar í ætisleit. Fæða: sjófuglar og hrognkelsi.*



**Fýll / múkki *Fulmarus glacialis***
*Sjófugl sem verpur á klettsyllum við sjó en ferðast líka inn í land. Að nokkru leyti farfugl með vetursetu í N-Atlandshafi. Þekktur fyrir að æla á óboðna gesti. Heldur sig oft nálægt bátum á sjó. Fæða: smáfiskur og ýmis sjávardýr.*



**Hrafn-*Corvus Corax.***
*Staðfugl, stærstur spörfugla og þekktur um allt land. Fullvaxinn fugl er blásvartur á haus og herðum. Hrafn býr sér hreiður (laup) í klettum og giljum. Glysgjarn, flugfimur og félagslyndur.*
*Krummi er nánast alæta.*



**Æðarfugl - *Somateria mollissima***
*Sjófugl og algengasta önd á landinu. Félagslyndur og spakur. Verpur helst í eyjum og hólmum. Fóðrar hreiðrið með verðmætum dúni sínum. Þekkist um allt land. Helsti varpstaður á Kjalarnesi er í Andríðsey. Fæða: ýmis smá sjávardýr.*



**Smyrill - *Falco columbarius***
*Algengastur en minnstur íslenskra ránfugla. Að mestu farfugl og einfari. Helgar sér óðal í giljum og gljúfrum, einnig í hlíðum og klettum um land allt. Kýs oftast grónar klettasyllur til varps. Fæða: smáfuglar, bæði spör- og vaðfuglar.*



**Dílaskarfur- *Phalacrocorax carbo***
*Sjófugl sem heldur sig við strendur eða á vötnum nálægt sjó. Verpur á lágum skerjum í þéttum skarfabyggðum einkum við Faxaflóa og Breiðafjörð. Staðfugl en flakkari utan varptíma. Lifir á fiski og er fimur kafari.*



**Lundi – *Fratercula arctica***
*Sjófugl af svartfuglaætt. Lundabyggð og varpstaði á Kjalarnesi er að finna í Lundey og Andríðsey. Hann er útbreiddur um landið og verpur í holum á grónum bjargbrúnum. Unginn kallast kofa eða pysja. Fæða: ýmis smá sjávardýr.*



**Kría/Þerna – *Sterna Paradisaea***
*Farfugl sem verpur við sjó. Varpið ver hún með dýfum og háværu gargi. Vegur aðeins um 100 g og hefur afburða flughæfni. Víðförlust allra fugla og flýgur á haustin til vetrarstöðva í S-Afríku og allt til S -Íshafs. Fæða: sandsíli og annar smáfiskur.*



**Tjaldur - *Haematopus ostralegus***
*Vaðfugl. Félagslyndur og hávaðasamur. Verpur einkum í möl og sandi nálægt sjó, ám og vötnum, helst á Suður- og Vesturlandi. Flýgur til Bretlands á haustin en hluti stofnsins hefur hér vetursetu. Fæða: maðkar, skordýr og skelfiskur.*



**Rjúpa - *Lagopus muts***
*Meðalstór hænsnfugl af orraætt, staðfugl og algeng um land allt. Verpur á heiðum, í móum, kjarri og skóglendi. Breytir um lit eftir árstímum, brúnleit á sumrin en alhvít á vetrum. Jurtaæta sem lifir á berjum, lyngi og birkireklum.*


Hönnun og kort: Árni Tryggvason Fuglaljósmyndir: Jóhann Óli Hilmarsson
Lundey: Mats Wibe Lund. Sögufélagið Steini og Reykjavíkurborg 2016